Fundargerð
MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps
56. fundur.

að Hlíðavegi 6, 12. maí 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. **Fundarsetning.**
2. **Erindi landeigenda í Vogum 3 um breytingar á aðalskipulagi.**
3. **Erindi Náttúrustofu Norðurlands um verndaráætlun í samræmi við lög um verndun Mývatns og Laxár 97/2004.**
4. **Bifreiðamál hitaveitunnar.**
5. **Kórastefna við Mývatn 9. – 12. júní 2005.**
6. **Fundargerð skólanefndar frá 10. maí.**
7. **Erindi Sólveigar Illugadóttur og Sigurðar J. Þorbergssonar um skipulagsbreytingu við Helgavog.**
8. **Upplýsingamiðstöð ferðamála.**

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**
   Oddviti setti fund og lagði til að málum 6 og 7 og 8 yrði bætt á dagskrá.
   Samþykkt samhljóða.

2. **Erindi landeigenda í Vogum 3 um breytingar á aðalskipulagi.**
   Borist hefur erindi frá landeigendum Voga 3 þar sem óskað er eftir breytingum á aðalskipulagi á hluta lands þeirra þar sem mögulegt verði að skipuleggja orlofs- og sumarhúsabyggð og þjónustu því tengda t.d. tjaldsvæði og verslun/veitingar. Allir landeigendur Voga 3 hafa undirritað erindið.
   Kristján Stefánsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
   Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.

3. **Erindi Náttúrustofu Norðurlands um verndaráætlun í samræmi við lög um verndun Mývatns og Laxár 97/2004.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að á þessu stigi eigi einungis sveitarstjórnir á svæðinu að koma að málinu. Ljóst er að að ekki eiga allir landeigendur á svæðinu aðild að Landeigendafélagi Mývatns og Laxár og því telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps ekki rétt að það félag hafi aðkomu að verndaráætluninni á þessu stigi umfram önnur félög landeigenda.
Sveitarstjóra falið að vinna frekar að drögum verndaráætlunarinnar og leggja fyrir fund sveitarstjórnar 9. júní.

4. **Bifreiðamál hitaveitunnar.**
Rekstrarleigusamningur vegna bifreiðar hitaveitunnar er að renna út um þessar mundir. Sveitarstjóra falið að endurnýja/gera nýjan samning um rekstrarleigu vsk-bíls fyrir hitaveituna.

5. **Kórastefna við Mývatn 9. – 12. júní 2005.**
Jóhannes Steingrímsson mætir til fundarins. Farið var yfir ýmiss framkvæmdaatriði.

6. **Fundargerð skólanefndar frá 10. maí.**
2. liður fundargerðarinnar um mannaráðningar er samþykktur.
3. liður: Sveitarstjóra falið að vinna að erindisbréfi fyrir skólanefnd.

7. **Erindi Sólveigar Illugadóttur og Sigurðar J. Þorbergssonar um skipulagsbreytingu við Helgavog.**
Í erindinu kemur fram ósk um að breytingar verði gerðar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps þannig að umsækjendum verði gert kleift að reisa íbúðarhús við Helgavog. Allir landeigendur Reykjahlíðar hafa undirritað skjal og samþykkt þessa málaleitan.
Birkir vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.

8. **Upplýsingamiðstöð ferðamála.**
Oddviti og sveitarstjóri rituðu ráðherrum viðskipta- og umhverfismála bréf nýverið þar sem óskað var eftir stuðningi við rekstur uipplýsingamiðstöðvar ferðamála, en vegna samdráttar í tekjum hreppsins, treysti sveitarstjórn sér ekki til að halda slíkri starfsemi úti, en það hefur hún gert ein og óstudd um nokkurra ára skeið.
Jákvætt svar hefur borist frá ráðherrunum þess efnis að veittur verði styrkur að upphæð kr. 1 milljón frá hvoru ráðuneyti um sig. Sveitarstjóra falið að koma þakklæti á framfæri við ráðherrana.
Eins og áður hefur komið fram hefur sveitarstjórn rætt við Ferðamálafélag Mývatnssveitar um að taka að sér rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar og hefur þeirri málaleitan verið vel tekið.
Frekari viðræður aðila munu eiga sér stað á næstu dögum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Þuríður Snæbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Birkir Fanndal Haraldsson,
Böðvar Pétusson.